Til formanna og framkvæmdastjóra
sérsambanda og íþróttahéraða ÍSÍ

Reykjavík, 6. nóvember 2026

Efni: Formannafundur ÍSÍ 2026 – seinna fundarboð

Með vísan í bréf dagsett 20. október sl. og í samræmi við lög ÍSÍ, er hér boðað til Formannafundar ÍSÍ **föstudaginn 20. nóvember nk. kl. 15:30**, seinna fundarboð.
Fundurinn verður haldinn í Stapanum/Hljómahöllinni í Reykjanesbæ.

Rúta fer frá Íþróttamiðstöðinni í Laugardal **kl. 14:00** til Reykjanesbæjar (ath! ferðinni var flýtt um hálftíma frá auglýstum tíma í fyrra fundarboði, ekki síst í ljósi föstudagsumferðarinnar). Rúta fer svo frá Reykjanesbæ til Reykjavíkur að loknum kvöldverði.

Meðfylgjandi er dagskrá fundarins.

Það er von okkar að sjá sem flesta formenn og framkvæmdastjóra á Formannafundinum. Jafnframt að sem flestir formenn og framkvæmdastjórar sjái sér þess fært að þiggja kvöldverð að loknum fundi.

Vinsamlegast skráið mætingu á fundinn, í rúturnar og í matinn á eftirfarandi vefslóð í síðasta lagi **þriðjudaginn 17. nóvember nk.:**
https://www.isi.is/um-isi/fundir-og-thing/formannafundir#formannafundur-2026

Hlökkum til að hitta ykkur!

Með bestu kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Willum Þór Þórsson
forseti

Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri

ICELANDAIR
Íslensk Getspá